

SÍMENNTUNARÁÆTLUN TÓNLISTARSKÓLA EYJAFJARÐAR

2025-2026

MARKMIÐ

Tónlistarskóli Eyjafjarðar vinnur skv hugmyndafræði lærdómssamfélagsins þar sem virkt samtal og samstarf starfsfólks er eðlilegur hluta daglegs starfs og í undirbúningi kennslu, þar sem áhersla er lögð á samstarf og samráð með nám nemenda í fyrirrúmi. Nemendur og foreldrar hafa greiðar leiðir til að koma skoðunum sínum um námið á framfæri og sveigjanleiki til ígrundunar stuðlar að skapandi kennsluháttum og samstarfi allra sem að skólasamfélaginu koma.

Leiðsagnarnám er leiðarljós skólans.

Áherslur símenntunaráætlunar skólaárið 2025-2026 eru leiðsagnarnám, markmiðasetningar og námsmat, áhugahvetjandi kennsla og samtal, vinnustaðamenning og kennsluaðferðir. Þau námskeið sem standa kennurum til boða á vegum skólans styðja ávallt við þá stefnu í skólaþróun og símenntun hverju sinni. Samvinnuvettvangur er hvati og rými fyrir allt starfsfólk til að sækja sér frekari símenntun utan og innan skólastofnunarinnar til stuðnings í starfi. Vinna við samvinnuvettvang er í stöðugri þróun í takt við símenntunaráætlun og þarfir starfsfólks og skólans, endurspeгла skólamenningu, skólastefnu og nemendamiðaða sýn.

Skólaárið skiptist í fjórar lotur og markmið eru sett fram fyrir allt skólaárið og einnig í fjögur minni skref, námsmat fer fram í lok hverrar lotu og þar með er nám nemenda í stöðugri endurskoðun og þróun.

Innra og ytra mat skóla verði markviss og eðlilegur þáttur í skólastarfi og skólaþróun, og niðurstöðurnar nýttar til þess að styðja við og efla starfsemi skólans og nám nemenda.

ADGERÐARÁÆTLUN 2025-2026

- Unnið verður áfram í vinnu við Græn skref, grænt bókhald og skýra umhverfisstefnu. Stefnt á að ljúka þriðja skrefi.
- Starfsfólki stendur til boða að taka þátt í Svæðisþingi FT miðvikudaginn 1. okt 2025.
- Skólastjóri hefur vinnu við innra mat á starfsemi skólans sem lýkur vorið 2028.
- Skólinn verði áfram í faglegu samstarfi við aðra tónlistarskóla/grunnskóla á svæðinu og efli með starfsfólki bæði fag- og stéttarvitund.
- Fræðslufundur þriðjudaginn 19. ágúst með starfsfólki Grenivíkurskóla um samskipti í kennslu, leitt af Ölfu Jóhannsdóttur, forvarnarfulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Fræðslufundir um munnlega endurgjöf og jákvæða sálfræði verða á skólaárinu
- Stöðugt er unnið innávið með leiðsagnarnám og leiðsagnarmat. Jenný Gunnbjörnsdóttir frá Miðstöð Skólaþróunar við HA leiðir vinnuna bæði á haust- og vorönn.
- Skólanámskrá verður endurskoðuð og uppfærð.
- Námsferð til Lissabon í febrúar 2026 þar sem tónlistarskólar verða skoðaðir, aðstæður til kennslu og náms.